

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3345

Rekstraraðili Gallon ehf. kt: 6309212280	Tegund starfsemi Olíubirgðastöðvar	Starfsleyfisnúmer: Gildistími starfsleyfis 31. Janúar 2034
Starfsstöð Akureyri	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 13. ágúst 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0137	Eftirlitsmaður Kristín Kröyer	Útgáfudagur skýrslu 1. september 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
------------	--------

Þórður Guðjónsson

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit kom fram eitt nýtt frávik er varðar gagnaskil.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit - fór fram hjá rekstraraðila þann 13. ágúst 2026 án vettvangsheimsóknar.

Rekstraraðili hefur ekki skilað umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 til stofnunarinnar sem er frávik.

Rekstraraðili hefur ekki skilað tímasettri áætlun um úrbætur á fráviki sem sett var í eftirliti árið 2025 er varðar gr. 4.2 í starfsleyfi, að mæla skuli olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár eða oftár. Rekstraraðili fékk frest til að skila tímasettri áætlun um úrbætur eigi að síðar en 4. febrúar 2026.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 3 í reglugerð 206/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.	Frávik skráð: 13. ágúst 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. <i>Rekstraraðili hefur ekki skilað umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 til stofnunarinnar</i>	Opið

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.